



Styrktarsjóður Hvalfjarðarsveitar.

Vinnureglur fyrir styrkveitingar í hin ýmsu málefni.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Hvalfjarðarsveitar.

2. gr.

Markmið sjóðsins eru að styrkja og styðja einstaklinga, frjáls félagasamtök, stofnanir og hópa.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Árlegt framlag úr aðalsjóði Hvalfjarðarsveitar skv. fjárhagsáætlun ár hvert (21-85 lykill 5946).
- b) Frjáls framlög og áheit.

4. gr.

Sveitarstjóri auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum einu sinni að vori og einu sinni að hausti. Auk þess sem hann safnar saman þeim styrkbeiðnum sem berast á öðrum tíma og leggur fyrir næsta styrkveitingar fund.

Úthlutað er tvisvar á ári á fundi sveitarstjórnar, fyrra skiptið í apríl og það seinna í október.

Sveitarstjórn getur í undantekningartilfellum tekið tiltekna styrkveitingu til umfjöllunar og veitt styrk sé meirihluti sveitarstjórnar fyrir þeirri fjárveitingu.

Sveitarstjórn getur kallað eftir áliti viðkomandi fagnefndar á styrkbeiðni áður en að úthlutun kemur.

5. gr.

Styrkupp hæðir úr sjóðnum miðast við fjárhagsgetu sjóðsins hverju sinni.

Verkefni/atburðir skulu eiga sér stað á almanaksárinu sem styrkveiting fer fram.

Verkefni/atburðir mega ekki vera að þiggja aðra styrki frá sveitarfélaginu.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu á styrkfé ef gefnar hafa verið upp rangar upplýsingar í umsókn.

Heimilt er að hafna umsóknum.

6. gr.

Ákvæði um umsóknir:

Styrkumsóknir skulu berast sveitarsjóði og undirritaðar af umsækjanda og/eða aðila sem heimild hefur að undirrita umsókn fyrir hönd umsækjanda ef um félag eða hópa er að ræða.

Mikilvægt er að greinargóðar upplýsingar komi fram í umsókn.

Heimilt er að vísa frá umsóknum ef fullnægjandi upplýsingar koma ekki fram.

Félög og/eða hópar sendi inn ársreikning síðasta liðins árs og fjárhagsáætlun þess árs sem um ræðir.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar þá er þurfa þykir.

Umsóknir skulu stílaðar á Styrktarsjóður Hvalfjarðarsveitar Stjórnsýsluhúsinu, Innrimel 3, 301 Hvalfjarðarsveit.

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar 27. mars 2012.